

8. bekkur

Íslenska

Kennari:

- 📖 Arnbjörg Drífa Káradóttir
- 📖 Guðrún Björk Jóhannesdóttir

Fjöldi kennslustunda

Sex stundir á viku

Markmið:

Lestur og bókmenntir:

Nemandi:

- 📖 geti lesið og skilið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir
- 📖 þekki bókmenntafræðileg hugtök, s.s. rím, ljóðstafi, braglínu, endurtekningu, persónugervingu, líkingu, hrynjandi, samlíkingu, umhverfi og tíma, aðal- og aukapersónur, boðskap, hefðbundin og óhefðbundin ljóð,

Talað mál og hlustun:

Nemandi:

- 📖 geti endursagt og eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum, einnig tekið þátt í samræðum og rökræðum

Málfræði:

Nemandi:

- 📖 átti sig á hvernig orð skiptast í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð, þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, s.s. kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt.
- 📖 þekki mun orðtaka og málshátta
- 📖 geti fundið stofn orða, rót, forskeyti, viðskeyti, beygingarendingu,
- 📖 einhljóð og tvíhljóð
- 📖 þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein
- 📖 þekki hugtökin víðtækur og sértækur

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti skrifað læsilega og af öryggi, náí valdi á helstu atriðum í stafsetningu og í greinarmerkjasetningu
- 📖 geti orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, s.s. í frásögnum, lýsingum, fréttum og fyrirmælum
- 📖 geti dregið út aðalatriði og endursagt efni í ræðu og riti
- 📖 sé fær um að gera útdrátt og læri að nýta sér heimildir við ritun
- 📖 noti stafsetningarorðabók og önnur hjálpargögn

Kennslutilhögun:

- 📖 innlögn og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna
- 📖 þemavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 Sagnorð, Finnur I, Málfinnur, Mályrkja I og lesbók
- 📖 Kennslubók í stafsetning ÁÐ og GG, Skrifinnur og ýmis verkefni útbúin af kennara
- 📖 Laxdæla saga, Þjóðsögur 8. bekkur, Ljóðspeglar, Gauragangur og kjörbók
- 📖 Stoðkennarinn, gagnvirkt námsefni á vef

Námsmat:

Haustönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
 - bókmenntir/ljóð
 - ritun
 - málfræði og stafsetning
 - kjörbók
 - annarpróf
 - yndislestur
- 📖 Námshegðun: 10%
 - vinnusemi

Vorönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
 - bókmenntir/ljóð
 - ritun
 - málfræði og stafsetning
 - annarpróf
 - yndislestur
- 📖 Námshegðun: 10%
 - vinnusemi,

Stærðfræði

Kennarar:

- 📖 Björn Víkingur Skúlason

Fjöldi kennslustunda

Sex kennslustundir á viku

Markmið:

Stærðfræði og tungumál

Nemandi á að:

- 📖 Þjálfast í nota forgangsröð aðgerða
- 📖 Þjálfast í að lesa og skrifa háar og lágar tölur sem koma fyrir í textum, töflum og myndritum
- 📖 Þjálfast í að taka þátt í samstarfsverkefnum með bekkjarfélögum, þ.e. umræður, lausnarleiðir og niðurstöður

Lausnir verkefna og þrauta

Nemandi á að:

- 📖 Þjálfast í að nota fjölbreytilegar aðferðir, t.d. töflur og teikningar
- 📖 Þjálfast í að leysa verkefni þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar

Röksamhengi og röksemdafærslur

Nemandi á að:

- 📖 Þjálfast í notkun hugtakanna mengi, stak, hlutmengi, sammengi og sniðmengi

- ☐ þjálfast í að setja fram tilgátur og finna leiðir til að komast að rétttri niðurstöðu
- ☐ þjálfast í að setja fram röksemdafærslur á skýran hátt, bæði í mæltu og rituðu máli

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Nemandi á að:

- ☐ þjálfast í að þýða verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræðinnar
- ☐ þjálfast í að vinna með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls-, og þyngdareiningar

Tölur

Nemandi á að:

- ☐ þjálfast í að raða, stytta og lengja almenn brot og átta sig á tengslum þeirra við tugabrot og prósentur
- ☐ þjálfast í að þekkja frumtölur og hvernig þátta eigi í frumþætti
- ☐ þjálfast í að stytta almenn brot með því að leysa teljara og nefnara í frumþætti
- ☐ þjálfast í að þekkja stærsta samdeili og minnsta samfeldi tveggja talna

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Nemandi á að:

- ☐ þjálfast í að nota reiknivél til að reikna prósentur með því að breyta í tugabrot og reikna svo
- ☐ þjálfast í að prófa útkomur og gera sér grein fyrir svári áður en gripið er til reiknivélar
- ☐ þjálfast í að nota dreifireglu, tengireglu og víxlreglu þar sem við á
- ☐ þjálfast í að námunda að tíundu hlutum, hundraðshlutum og þúsundustu hlutum

Hlutföll og prósentur

Nemandi á að:

- ☐ þjálfast í að fást við hlutföll milli stærða og prósentur í margvíslegu samhengi, t.d. að prósent merki hluta af hundraði

Mynstur og algebra

Nemandi á að:

- ☐ kynnast liðun og þáttun og þjálfast í leysa einfaldar jöfnur og skilji hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir
- ☐ þjálfast í að vinna með víxlreglu og tengireglu samlagningar og margföldunar

Rúmfræði

Nemandi á að:

- ☐ þekkja hugtök s.s. punkt, línustrik, geisla, ýmsar gerðir marghyrninga, réttstrendinga, teningi og réttthyrndum, jafnarma og jafnhlita þríhyrningi
- ☐ geta mælt og reiknað flatarmál og ummál marghyrninga og rúmmál réttra strendinga
- ☐ geta fengist við einfaldar hliðranir, snúninga og speglun í sléttum fleti

Tölfræði og líkindafræði

Nemandi á að:

- ☐ skilja hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- ☐ geta sett fram og túlkað tíðnitöflur, súlurit og línurit
- ☐ þjálfast í öflun gagna, flokkun þeirra og framsetningu

Kennslutilhögun:

- 📖 bein kennsla
- 📖 hópverkefni
- 📖 þrautalausnir
- 📖 sýnikennsla
- 📖 umræður
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð
- 📖 tilraunir

Námsefni:

- 📖 Átta – 10 1 og 2
- 📖 Almenn stærðfræði
- 📖 Stjörnuþætur
- 📖 þemahefti
- 📖 ýmis verkefnablöð
- 📖 kennsluforrit í tölvum s.s. Rasmus og Stoðkennarinn

Námsmat

Haustönn:

📖 Þekkingarhluti:		80%
○ kaflapróf	60%	
○ annarpróf	20%	
📖 Námshegðun:		20%
○ vinnusemi	5%	
○ vinnubrögð	5%	
○ námsundirbúningur	5%	
○ virðing	5%	

Vorönn:

📖 Þekkingarhluti:		80%
○ kaflapróf	60%	
○ annarpróf	20%	
📖 Námshegðun:		20%
○ vinnusemi	5%	
○ vinnubrögð	5%	
○ námsundirbúningur	5%	
○ virðing	5%	

Enska

Kennarar:

- 📖 Hrafnhildur Hilmarsdóttir
- 📖 Valdís Inga Steinarsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Fjórar stundir á viku

Markmið:

Hlustun:

Nemandi:

- 📖 skilji aðalatriði í sögu, frásögn og efni tengdu daglegu lífi
- 📖 geti fylgt meginþræði í myndmiðlaefni

Lestur:

Nemandi:

- 📖 geti lesið sér til gagns smásögur og styttri skáldsögur
- 📖 kunni að nýta sér orðabækur

Talað mál:

Nemandi:

- 📖 geti skipst á upplýsingum og rætt um ýmis viðfangsefni
- 📖 geti sagt skilmerkilega frá og flutt einfalda undirbúna kynningu

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti skrifað stuttan samfelldan texta eftir fyrimælum og frá eigin brjósti.
- 📖 geti nýtt sér helstu málfræðipætti í ritun.

Kennslutilhögun:

- 📖 innlög og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna
- 📖 þemavinna
- 📖 kynningar

Námsefni:

- 📖 Spotlight, textbook og workbook
- 📖 kennsluforrit í tölum og ýmis verkefni á veraldarvefnum
- 📖 Portfolio Topic Books
- 📖 bókmenntir: t.d. Robinson Crusoe, Huckleberry Finn
- 📖 kvikmyndir
- 📖 verkefni í Stoðkennaranum

Námsmat:

Haustönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
 - kaflapróf
 - bókmenntir
 - sagnapróf
 - ritun
 - kynningar á þemavinnu
 - lokapróf
- 📖 Námshegðun: 10%
 - vinnusemi

Vorönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
 - kaflapróf
 - bókmenntir

- sagnapróf
- ritun
- kynningar á þemavinnu
- lokapróf
- 📖 Námshegðun: 10%
- vinnusemi

Danska

Kennari:

- 📖 Marsibil Lillý Guðlaugsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stundir á viku

Markmið:

Hlustun:

Nemandi:

- 📖 skilji setningar og algeng orð sem tengjast nemandanum persónulega, t.d. persónulegar upplýsingar um sjálfan sig og fjölskyldu, innkaup og nánasta umhverfi.
- 📖 skilji flest venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara, nemenda og í þar til gerðu hlustunarefni
- 📖 geti greint lykilorð sem tengjast orðaforða viðfangsefnisins

Lestur:

Nemandi:

- 📖 geti lesið einfalda texta sem tengjast viðfangsefninu í þeim tilgangi að finna ákveðnar upplýsingar (leitarlestur)
- 📖 geti við lestur getið sér til um merkingu orða út frá samhengi textans og með því að nota bakgrunnsþekkingu sem nemandinn hefur

Talað mál:

Nemandi:

- 📖 geti tekið þátt í einföldum samræðum tveggja um efni sem hann þekkir vel úr sínu nánasta umhverfi
- 📖 geti unnið stýrðar samtalsæfingar þar sem skiptast þarf á upplýsingum þar sem annar aðilinn hefur upplýsingar sem hinn hefur ekki og öfugt
- 📖 geti myndað nokkrar setningar til þess að lýsa fjölskyldu sinni og öðru fólki á einfaldan hátt.
- 📖 skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er beint við hann um málefni sem hann þekkir og hefur fengist við

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti skrifað einföld skilaboð
- 📖 geti skrifað stuttar, einfaldar frásagnir sem byggjast á efni og orðaforða sem tengist viðfangsefninu, m.a. út frá einföldum orðtengslamyndum eða hjálparorðum
- 📖 geti skrifað stutta texta út frá myndum eða myndasögum

Kennslutilhögun:

- 📖 innlög og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna

- 📖 þemavinna
- 📖 kynningar

Námsefni:

- 📖 Tænk lesbók og vinnubók A
- 📖 kennsluforrit í tölvum og ýmis verkefni á veraldarvefnum

Námsmat:

Haustönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
- 📖 Námshegðun: 10%

Vorönn:

- 📖 Þekkingarhluti: 90%
- 📖 Námshegðun: 10%

Náttúrufræði

Nafn kennara:

- 📖 Elínborg Herbertsdóttir
- 📖 María Sigurðardóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjú kennslustundir á viku

Markmið

Nemandi:

- 📖 viti hvað einkennir lífverur.
- 📖 geti lýst uppbyggingu og starfsemi frumna og þekki muninn á dýrafrumum og plöntufrumum.
- 📖 læri um flokkun lífvera til að öðlast heildarsýn á flokkunarkerfi þeirra.
- 📖 geti lýst ríkjum lífvera.
- 📖 geri sér grein fyrir fjölbreytileika lífvera á jörðinni.
- 📖 geri sér grein fyrir sameiginlegum einkennum lífvera innan hvers ríkis.
- 📖 geti nefnt dæmi um fjölbreytni í samskiptum lífvera, s.s. samhjálp, samkeppni, gístillífi og sníkjulífi.
- 📖 þekki til mismunandi atferlis dýra.
- 📖 þekki kraft í mismunandi efnum.
- 📖 þekki hugtökin vinna, orka, afl, kraftur, þrýstingur, flotkraftur og eðlismassi og geti beitt þeim í daglegu tali og útreikningum.
- 📖 þekki til lögmála Newtons.
- 📖 geti lýst helstu gerðum einfaldra véla og tækja og geti greint á milli þeirra í samsettum vélum til að gera sér grein fyrir því hvernig vélar virka.
- 📖 kynnist heimi efnafræðinnar, tungumáli hennar, orðum og táknum sem notuð eru.
- 📖 kynnist frumeindum og sameindum, hvernig þær eru uppbyggðar og hvernig þær vinna.

Kennslutilhögun:

- 📖 umræður
- 📖 vettvangsferðir
- 📖 rannsóknir
- 📖 tilraunir

- 📖 verkefnavinna
- 📖 fyrirlestrar
- 📖 hópavinna
- 📖 upplýsingaöflun

Námsefni:

- 📖 Lífheimurinn
- 📖 Kraftur og hreyfing
- 📖 Efnisheimurinn, kaflar 1 og 2.

Ítarefni:

- 📖 ýmis myndbönd

Námsmat:

Haustönn:

- 📖 námshegðun 10%
- 📖 kaflapróf; Kraftur og hreyfing 10%
- 📖 kaflapróf; Lífheimurinn 10%
- 📖 tilraunir og skýrslur 20%
- 📖 vinnubók 10%
- 📖 haustpróf 40%

Vorönn:

- 📖 námshegðun 10%
- 📖 kaflapróf; Efnisheimurinn 10%
- 📖 kaflapróf, Lífheimurinn 15%
- 📖 tilraunir og skýrslur 15%
- 📖 vinnubók 10%
- 📖 vorpróf 40%

Samfélagsfræði

Kennarar:

Sigrún Birta Viðarsdóttir,
Stefanía Helga Björnsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stundir á viku

Markmið:

Landafræði:

Landafræði handa unglingum, 2. hefti.

Nemandi á að:

- 📖 læra hugtök eins og fæðingar- og dánartíðni, þéttbýli, strjálbýli, iðnríki, þróunarland, iðnvæðing, borgvæðing, náttúrulegar auðlindir, stjórnarfar, o.fl.
- 📖 læra landfræðilega legu og helstu einkenni allra heimsálfanna með tilliti til ofangreindra hugtaka.
- 📖 kynna sér líf og lifnaðarhætti fólks í löndum eins og Kína, Indlandi, Keníu, Ástralíu, Bandaríkjana N-Ameríku og Perú.
- 📖 Kynna sér landbúnað, náttúrulegar auðlindir, orkugjafa, og iðnað ofangreindra landa og hvernig líf einstaklinga mótast af náttúrulegum, efnahagslegum og menningarlegum aðstæðum.

Markmið:

Saga:

Styrjaldir og kreppa: Saga 20. aldar I

Nemandi á að:

- 📖 læra hugtök eins og stéttaskipting, sjálfstæðisbarátta, heimastjórn, fullveldi, sjálfstæði, lýðræði, þingræði o.s.frv.
- 📖 læra um mismunandi pólitísk hugmyndkerfi þ.á.m. kommúnisma, nasima, frjálshyggju og jafnaðarstefnu.
- 📖 kynna stjórn málasögu Íslands á fyrri hluta 20. aldar, baráttunni fyrir sjálfstæði og einnig stéttaátökum á millistríðsárunum.
- 📖 læra um nokkra merkustu viðburði fyrri hluta 20. aldar sem breyttu heimsmyndinni t.d. fyrri heimstyrjöldina, rússnesku byltinguna, heimskreppuna sem hófst með verðbréfahruninu á Wall Street 1929 og loks seinni heimstyrjöldina.
- 📖 læra um hernám Íslands, áhrifum hersetu á íslenskt þjóðlíf og stofnun lýðveldis í skugga seinni heimsstyrjaldarinnar.

Kennslutilhögun:

- 📖 bókleg kennsla
- 📖 verkefnavinna bæði í einstaklings og hópavinnu og kynningar á þeim
- 📖 umræður
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 Anderson, Göran; Joelsson, Arvid. Landafræði handa unglingum 2. hefti.
- 📖 Synnove Veinan Hellerud, Ketil Knutsen, Sigrid Moen. Styrjaldir og Kreppa: Saga 20. Aldar I.
- 📖 Stjórnlaus heimur: Mannkynssaga fyrir börn og unglinga (Valdir kaflar)
- 📖 ýmiskonar ítarefni útbúið af kennara
- 📖 kortabók

Námsmat:

Haustönn:

- | | |
|-----------------|-----|
| 📖 kannanir | 20% |
| 📖 heimapróf | 10% |
| 📖 ritgerð | 10% |
| 📖 verkefnamappa | 20% |
| 📖 annarpróf | 30% |
| 📖 námshegðun | 10% |

Vorönn:

- | | |
|-----------------|-----|
| 📖 kannanir | 30% |
| 📖 ritgerð | 10% |
| 📖 verkefnamappa | 20% |
| 📖 annarpróf | 30% |
| 📖 námshegðun | 10% |

Lífsleikni

Kennarar:

- 📖 Arnbjörg Drífa Káradóttir
- 📖 Valdís Inga Steinarsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Ein stund á viku

Markmið:

Að nemandi:

- 📖 átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand
- 📖 hann öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- 📖 geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna í persónulegum og ópersónulegum samskiptum einstaklinga t.d. innan fjölskyldu, í skóla, á vinnustað og á milli einstaklinga af ólíku þjóðerni
- 📖 geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- 📖 læri að vega og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- 📖 viti um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk

Kennslutilhögun:

- 📖 umræður
- 📖 verkefni

Námsefni:

- 📖 engin ákveðin kennslubók er notuð heldu ýmislegt efni sem fengið er af Veraldarvefnum, úr dagblöðum og öðrum fjölmiðlum auk þess sem myndband verður notað

Námsefnið sem fyrirhugað er að vinna með er:

- 📖 Ég er það sem ég vel 8.bekkur, valin verkefni,
- 📖 Myndbandið: Ekki ég, kannski þú og ýmis lög og reglugerðir.
- 📖 Fjármálafræðsla, hlutverkaleikur fenginn á vef ismennt.is: <http://www.ismennt.is/vefir/leikir/ymsirnam/hlutstae.html>.
- 📖 Greinar úr dagblöðum o.fl. Námsráðgjafi skólans mun kynna námsframboð
- 📖 Stöndum saman. Forvarnir gegn einelti í heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun

Námsmat:

- 📖 símat og virkni í tímum og einnig eru verkefni nemendanna metin.
- 📖 að vori fá nemendur vitnisburðinn „lokið“ sem staðfestir lágmarksviðmið um þátttöku

Hönnun og smíði

Kennarar:

- 📖 Elinborg Sigurjónsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Að nemandi:

- hafi kynnst notkun rafmagnshandverkfæra og geti notað þau sem hæfa aldri og þroska
- geti smíðað vandaðan hlut á eigin spýtur og metið hvenær fullnægjandi árangri er náð
- takist á við vinnuáferðir sem hann hefur ekki glímt við áður
- hafi náð góðum tókum á að velja og nota nagla, skrúfur og lamir
- hafi fengið góða innsýn í eiginleika helstu smíðafna
- geti notað hönnunarferli til að móta og teikna eftir eigin hugmynd
- hafi hannað hlut sem tekur mið af því umhverfi sem hann á að vera í
- skilji að góð umgengi og endurnýting er mikilvæg fyrir umhverfið
- hafi unnið krefjandi verkefni sem krefst þolinmæði, frumkvæðis og áræðis

Kennslutilhögun:

- sýnikennsla
- verkefnavinna
- sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

- | | |
|--|-----|
| <input type="checkbox"/> Þekkingarhluti: | 70% |
| ○ verkefni | |
| <input type="checkbox"/> Námshegðun: | 30% |
| ○ virðing | 10% |
| ○ virkni | 10% |
| ○ vinnusemi | 10% |

Textílmennt

Kennari:

- Erla Dröfn Vilbergsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- læri að hekla og/eða þrjóna eftir einföldum leiðbeiningum
- læri að taka mál, sníða og sauma einfalda flík
- þjálfist í að fara eftir einföldum skriflegum vinnulýsingum
- tileinki sér orðaforða greinarinnar
- tileinki sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og véla

Kennslutilhögun:

- sýnikennsla
- sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

☞ þekkingarhluti:	70%
○ verkefni	
☞ námshegðun:	30%
○ vinnusemi	10%
○ vinnubrögð	10%
○ virðing	10%

Heimilisfræði

Kennarar:

- ☞ Ástríður Lilja Guðjónsdóttir
- ☞ Íris Dögg Steinsdóttir.

Fjöldi kennslustunda:

Valfag: þrjár stundir kenndar einu sinni í viku, hálfan vetur

Markmið:

Næring og hollusta

Nemandi:

- ☞ læri Ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni
- ☞ þekki helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra og sjúkdóma
- ☞ sem stafa af röngu mataræði (prótein, fita, kolvetni, A-, B-, C- og Dvítamín,
- ☞ kalk, fosfór, járn og jöð)
- ☞ fái þjálfun í að tengja næringarfræði og matreiðslu í verki
- ☞ læri að skrá einn dag í fæðudagbók og meti niðurstöður með hjálp
- ☞ upplýsingatækni
- ☞ viti hvað ráðlagður dagskammtur (RDS) stendur fyrir

Matreiðsla og vinnubrögð

Nemandi:

- ☞ fái þjálfun í að matreiða fjölbreyttan og hollan hversdagsmat samkvæmt
- ☞ Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni
- ☞ læri helstu matreiðsluaðferðir (suða, steiking, bakstur) og kunni að nota
- ☞ rétt hitastig á eldavél við matreiðslu og bakstur
- ☞ tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu
- ☞ þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift
- ☞ tileinki sér að fara eftir viðurkenndum kröfum um hreinlæti við
- ☞ matargerð
- ☞ fái þjálfun í að matreiða venjulegt hráefni og nota krydd í hófi

Matvælafræði

Nemandi:

- ☞ verði læs á umbúðamerkingar matvæla
- ☞ geti gert samanburð á ónunnum og unnum matvælum (næringargildi,
- ☞ verð, umbúðir)
- ☞ viti að aukefni eru stundum notuð í matvæli
- ☞ rifji upp geymsluaðferðir matvæla og hvernig best er að geyma þau

Hreinlæti

Nemandi:

- ☞ kunni skil á skaðsemi mismunandi örvera (krossmengun)
- ☞ þjálfist í að sýna hreinlæti í verki við heimilisstörf
- ☞ öðlist skilning á mikilvægi hreinlætis fyrir vellíðan hvers einstaklings og

- ☞ umhverfi hans
- ☞ temji sér að nota hreinlætisvörur í hófi, velji umhverfisvænar vörur og
- ☞ viti hvaða efni á að varast (varúðarreglur, varnaðarmerki, umhverfismerki)
- ☞ geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt
- ☞ ströngustu hreinlætiskröfum
- ☞ þjálfist í að halda hreinum tækjum og áhöldum
- ☞ viti hvernig á að strauja skyrtu/blússu

Neytendafræði og umhverfisvernd

Nemandi:

- ☞ geri sér grein fyrir áhrifum auglýsinga á neyslu, m.a. matvæla
- ☞ taki þátt í umræðum um tísku og áhrif félaganna

Aðrir þættir

Nemandi:

- ☞ þjálfist í að vinna sjálfstætt með öðrum og virða jafnrétti og skoðanir annarra
- ☞ geri sér grein fyrir því að mikilvægt er að skipta með sér verkum áheimilinu og deila ábyrgð
- ☞ viti um eldhættur og orsakir eldsvoða á heimilum
- ☞ fái þjálfun í að leggja mat á hættur í umhverfi sínu

Kennslutilhögun:

- ☞ nemendur æfist í helstu baksturs og matreiðsluáðferðum
- ☞ áhersla er lögð á samvinnu, góða umgengni, geymslu matvæla og verklega færni
- ☞ farið er inn á Lýðheilsustöð og skoðað t.d RDS

Námsefni:

- ☞ Heimilisfræði Unglingastig, eftir Áslaug Traustadóttir og ljósrít frá kennurum

Ítarefni:

- ☞ ljósrít frá kennurum

Námsmat:

- | | |
|-----------------|-----|
| ☞ vinnubók | 35% |
| ☞ verkleg færni | 35% |
| ☞ námshegðun: | 30% |
| ○ vinnusemi | 10% |
| ○ vinnubrögð | 10% |
| ○ virðing | 10% |

Myndmennt

Kennarar:

- ☞ Gunnar Andrésson
- ☞ Hildur Bára Hjartadóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár stundir á viku hálfan veturinn

Markmið:

Nemandi:

- ☞ þekki hlutföll mannlíkamans
- ☞ geri sér grein fyrir heildarbyggingu mannlíkamans og geti gert samanburð á hlutföllum og stærðum með mælingum

- 📖 vinni mynd af manneskju í ákveðnu rými
- 📖 þekki hugtakið fjölfeldi
- 📖 geti notað mismunandi tæknilega miðla, s.s. tölvu, myndvarpa o.s.frv.
- 📖 geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum og geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- 📖 þekki og geti fjallað um mynddæmi sem sýni hvernig popplistamenn taka til meðferðar myndmál neysluþjóðfélagsins og fjölmiðlunar, t.d. myndasögur, auglýsingar og kvikmyndir
- 📖 þekki atvinnugreinar myndlistarmanna og hönnuða

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð
- 📖 hópavinna
- 📖 útkennsla
- 📖 vettvangs- og safnaferðir.

Námsefni:

- 📖 Myndmennt I og II
- 📖 kennsluefni í tölvum og á veraldarvefnum
- 📖 bækur af bókasafni

Námsmat:

- 📖 þekkingarhluti: 70%
 - verkefni
- 📖 námshegðun: 30%
 - virðing 10%
 - virkni 10%
 - vinnusemi 10%

Upplýsingamennt

Kennari:

- 📖 Ingibjörg Jóhannsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Tvær stundir á viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 að ná meiri færni í eftirtöldum yfirþáttum; tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi.
- 📖 komi reglulega í tölvustofu og á skólasafn
- 📖 temji sér ákveðnar umgengnisreglur í tölvustofum og á skólasafni

Vérlitun:

Nemandi á að:

- 📖 hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeitingu
- 📖 á að kunna á alla sérlykla á lyklaborði
- 📖 hafi tileinkað sér innsláttarhraða að lágmarki á 75 slög á mínútu (15 orð á mín.).

Tölva:

Nemandi á að:

- kunna að búa til möppur og nota möppur í tölvum
- hafa notað kennsluforrit í öllum greinum sem verkfæri við eigið nám
- geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- geta sett upp heimildaritgerðir
- kunna á töflureikni
- geta nýtt sér glærugerðarforrit
- kunna skil á póst- og samvinnulausnum (Google Apps) með skilvirkni og betri samskipti í huga
- geta leitað á netinu að upplýsingum
- geta unnið með ljósmyndir
- þekki inn á þrívídd í forritum

Kennslutilhögun:

- sýnikennsla
- verkefnavinna
- sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- kennsluforrit í tölvum og á veraldarvefnum
- teikniforritið Paint
- ritvinnsluforritið Word: Uppsetning ritgerða
- glærugerðarforritið Power Point
- Excel
- Google Apps (tölvupóstsforrit)
- siðfræði á Netinu
- leit á Netinu
- Google Earth
- Google Picasa
- Google Sketchup
- Paint.net
- Pivot

Námsmat:

Vérlitun:

- hraðapróf í vérlitun tvisvar yfir veturinn; í lok nóvember og maí
- nemandi með ranga fingrasetningu er lækkaður um 2 í einkunn

Upplýsingamennt:

- | | |
|--|-----|
| <input type="checkbox"/> Námshegðun | 10% |
| <input type="checkbox"/> Verkefnavinna | 90% |

Íþróttir

Leikfimi:

Kennarar:

- 📖 Einar Einarsson
- 📖 S. Bergþór Magnússon

Fjöldi kennslustunda

Tvær kennslustundir í viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 þjálfist í samsettum hreyfingum
- 📖 taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla færni í íþróttagreinum
- 📖 taki þátt í ýmsum leikjum og æfingum sem efla líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft
- 📖 tileinki sér rétta tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar
- 📖 taki þátt í dansi
- 📖 fái tækifæri til að iðka íþróttagrein að eigin vali í styttri eða lengri tíma
- 📖 þjálfist í að nota eigin líkamsþunga til kraftþjálfunar
- 📖 fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 íþróttaföt

Námsmat:

- | | |
|-----------------------|-----|
| 📖 boltagreinar | 20% |
| 📖 liðleiki og styrkur | 20% |
| 📖 píptest | 10% |
| 📖 útihlaup | 20% |
| 📖 aðrar greinar | 10% |
| 📖 virkni og virðing | 20% |

Sund:

Kennarar:

Fjöldi kennslustunda

Ein kennslustund í viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 fái aukna þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tengingu þeirra í eina heild
- 📖 nái tókum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í bringusundi, skólabaksundi, baksundi og kafsundi
- 📖 nái góðum tókum á stungu af palli
- 📖 tileinki sér helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni

- 📖 taki þátt í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka
- 📖 taki þátt í umræðu um mikilvægi sunds sem líkams- og heilsuræktar
- 📖 taki þátt í ýmsum samvinnuverkefnum á sviði sundíþróttá og leikja s.s. boltaleikjum, boðsundsleikjum og sundknattleikjum

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 sundföt

Námsmat:

- | | |
|------------------------------|------|
| 📖 verklegt próf (Sundstig 8) | 80 % |
| 📖 virkni og virðing | 20% |